

Aðalfundur FFGÍR

13. maí 2020 fyrir starfsárið 2019-2020

Mættir eru: Anna Sigríður Jóhannesdóttir fyrir FFGÍR, Anita Engley Guðbergsdóttir fyrir FFGÍR sem stjórnar og ritar fund, Ísak fyrir Myllubakkaskóla, Guðrún fyrir Akurskóla og Stapaskóla og Kristín fyrir Njarðvíkurskóla.

1. Ársskýrsla verkefnastjóra lesin

1. Rætt var um það sem kom fram á fundi fræðsluráðs er varðar ársskýrsluna og umræðu henni tengda.
2. Opinberar skyldur foreldrafélaga voru ræddar og verklag.
 1. Starfsáætlun til skólastjórnenda skal vera send fyrir 1. október.
 2. Fundargerðir foreldrafélaga eftir hvern fund skulu sendast til skólastjórnenda til birtingar á síðu skólans.
 3. Ársskýrslur til skólastjórnenda ár hvert og afrit til FFGÍR fyrir 1. maí ár hvert (hafa skal í huga að með ársskýrslu sé yfirlit ársreiknings). Ef aðalfundur er að hausti skal senda síðustu ársskýrslu með fundargerð aðalfundar.
3. Upptalning á efni foreldrafélaganna í skýrslu verkefnastjóra var rædd og gefin tækifæri á lagfæringu í skýrslu áður en lokaefni væri sent til Reykjanesbæjar.
4. Reikningur - inneign 1. maí 2020 var 101.233-, kr.
 1. Styrkur á árinu til FFGÍR fyrir starfsárið 2019 -2020 var í heild 1.000.000 kr.
 2. Aðrir styrkir voru ekki veittir til starfsins þetta starfsár og var minnst á að hafa augun opin fyrir slíku.
 3. Ógreitt til FFGÍR eru tveir reikningar vegna Bjarna Fritzsonar upp á 36.000 kr. hver og eru það Háaleitisskóli og Akurskóli sem eiga eftir að greiða en var látið vita fyrir fund að Akurskóli er með þetta í vinnslu hjá sér.

2) **Nýr verkefnastjóri** tók við af Önnu Sigríði Jóhannesdóttur sem lýkur nú fjögurra ára starfi með félaginu og er það Guðrún María Þorgeirsdóttir núverandi formaður í foreldrafélagi Stapaskóla. Kemur hún til með að starfa með Anitu Engley Guðbergsdóttur núverandi verkefnastjóra starfsárið 2020-2021.

Fundarmenn kvöddu Önnu Sigríði með blómum og þökkuðu henni fyrir vel unnin störf í þágu barna og foreldra í Reykjanesbæ síðustu ár og óska henni velfarnaðar á nýjum slóðum í spennandi verkefnum.

3) Önnur mál.

1) Rætt var um fræðslu fyrir næsta skólaár og var ákveðið að hver formaður kæmi með hugmyndir í haust að spennandi hugmyndum.

2) Ræddar voru þær hugmyndir sem verkefnastjórar komu með á teams fundi með lýðheilsufulltrúa Reykjanesbæjar sem nýta mátti vegna COVID-19 aðstæðna, á leikjanámskeiðum, hugmyndir sem útfæra má til atvinnu ungmenna og fyrir Ljósanótt.

3) Sumarhátíðir skólanna voru ræddar og þau verkefni sem liggja fyrir hjá foreldrafélögunum núna næstu daga og vikur fyrir sumarfrí.

Skýrsla verkefnastjóra var samþykkt á fundi ásamt fundargerð aðalfundar.

Virðingarfyllst, Anita Engley Guðbergsdóttir.